

Þá er og heimilt á grundvelli 20. gr. laga nr. 38/1990 að svipta skip leyfi til veiða á úthafskarfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa, settum samkvæmt henni.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. apríl 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Fræðslusjóð brunamála
nr. 138/1993, sbr. reglugerð nr. 471/1995.**

1. gr.

Í stað orðanna „á síðari hluta ársins 1995“ í ákvæði til bráðabirgða kemur: á fyrri hluta ársins 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um (5.) breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi
vegna afurða alifugla og svína, sbr. breytingu með rg. nr. 680/1994
og breytingu með rg. nr. 702/1995.**

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðar nr. 680/1994 um breytingu á rg. nr. 32/1990 bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Kaup svínaframleiðenda á fóðurkorni (heilbyggi og/eða öðrum innfluttum korntegundum) skulu þó margfölduð með stuðlinum 1,17.

2. gr.

Í stað orðanna 4,9 kg fódurs í 1. mgr. 15. gr. rg. nr. 32/1990 sbr. 5. gr. rg. nr. 497/1992 og 1. gr. rg. nr. 288/1993 kemur: 4,4 kg fódurs.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld rg. nr. 702/1995 um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fódurgjaldi vegna afurða alifugla og svína.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. apríl 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Selvogsbanka.

1. gr.

Frá og með 3. apríl til og með 30. apríl 1996 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði á Selvogsbanka, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°26'00 N - 22°05'00 V | 4. 63°10'00 N - 20°24'00 V |
| 2. 63°17'00 N - 21°00'00 V | 5. 63°09'00 N - 21°00'00 V |
| 3. 63°11'90 N - 20°24'00 V | 6. 63°17'50 N - 22°05'00 V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. apríl 1996.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.